

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Hveragerðisbæjar nr. 1158/2008.

1. gr.

3. tl. í B-hluta 57. gr. samþykktarinnar breytist og verður svohljóðandi:

Velferðarnefnd: Velferðarnefnd er sameiginleg með sex öðrum sveitarfélögum í Árnassýslu. Bæjarstjórn kýs einn fulltrúa til setu í yfirstjórn sameiginlegrar félagsþjónustu sjö sveitarfélaga í Árnassýslu samkvæmt samningi þar að lútandi. Sá sem kjörinn er í yfirstjórn hefur umboð til þess að skipa fulltrúa Hveragerðisbæjar í eina sameiginlega velferðarnefnd á starfssvæði félagsþjónustu sveitarfélaganna í samræmi við ákvæði samstarfssamnings og á grundvelli 2. mgr. 7. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga. Fulltrúar í sameiginlegri velferðarnefnd eru fimm auk jafnmargra varamanna og koma þrír af starfssvæði Sveitarfélagsins Ölfuss og Hveragerðisbæjar og tveir af starfssvæði sveitarfélaganna í uppsveitum Árnassýslu og Flóahrepps. Fulltrúi Hveragerðisbæjar í sjö manna yfirstjórn hefur einnig umboð til að taka þátt í skipan formanns og varaformanns sameiginlegrar velferðarnefndar. Yfirstjórn útbýr einnig erindisbréf sameiginlegrar fimm manna velferðarnefndar og leggur það fyrir sveitarstjórnirnar til staðfestingar af þeirra hálfu.

Sameiginleg velferðarnefnd fer með stjórn félagsþjónustu bæjarins skv. lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, málefni aldraðra skv. lögum nr. 125/1999, og málefni fatlaðs fólks skv. lögum nr. 59/1992. Nefndin fer með jafnréttismál skv. lögum nr. 10/2008, áfengisvarnir skv. lögum nr. 75/1998 og barnaverndarmál skv. barnaverndarlögum nr. 80/2002. Nefndin fer með hús-næðismál skv. lögum um hús-næðismál nr. 44/1998 og húsaleigumál skv. húsaleigulögum nr. 36/1994. Nefndin fer með önnur erindi skv. erindisbréfi.

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Hveragerðisbæjar hefur sett samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Innanrikisráðuneytinu, 14. ágúst 2011.

F. h. r.

Hermann Sæmundsson.

Stefanía Traustadóttir.